



## Stjórnarfundur 7 fimmtudaginn 28. janúar 2010 kl. 17.15 á skrifstofu BLÍ

Mætt: Jason Ívarsson formaður, Stefán Jóhannesson varaformaður, Aðalheiður Sigursveinsdóttir gjaldkeri.

Afboð og mættu ekki: Svala Vignisdóttir ritari, Davíð Búi Halldórsson meðstj., Óskar Hauksson, Valdimar Hafsteinsson og Hreggviður Norðdahl.

### Dagskrá fundarins

- Bikarkeppnin
- Landslið - ráðning þjálfara.
- Lokahófi – undirbúningur nefndarinnar sem velur í lið ársins o.fl.
- Söfnun heimilda fyrir sögu BLÍ
- Erindi fengin & send
- Önnur mál

## Fundargerð

### Bikarkeppnin

Ákveðið var að mynda aðgerðahóp í kringum úrslitahelgina í Laugardalshöll 13.-14. mars nk. Í hópnum yrðu þrír menn og komu upp nöfn Einars Sig, Davíðs Búa og Valdimars.

### Verkefnin eru:

- Ásetning gólfs í höllinni föstudaginn 12. mars
- Kynningarmál á keppninni
- Sjá til þess að félag sjái um sjoppuna. Komu hugmyndir um að tala við önnur félög en HK, t.d. Þrótt R eða Stjórnuna til þess að sjá um sjoppuna og starfsmenn leikja þar sem HK hefur séð um það undanfarin tvö ár. Ákv. að bíða þangað til undankeppni 2 er lokið.
- Sjá til að umgjörðin verði góð, hafa tónlist í upphitun, í leikhléum, á milli hrina og eftir leik. Kynnir verður að vera á öllum leikjum.
- Taka ákvörðun um útgáfu fyrir keppnina, þ.e. veggspjöld, mótaskrá með upplýsingum um liðin o.fl.
- Söfnun auglýsinga á völinn, í mótaskrá og í tengslum við beina útsendingu í sjónvarpi. Markaðsmenn?

Sævar mun vera í þessum aðgerðahópi og mun hafa samband við hann fljótlega

### Landsliðsmál

- Búið er að ráða Apostol fyrir kvennaliðið og Michael Overhage fyrir karlaliðið.
- Verkefnin eru Malta 2010, konur fara 10.-14. júní og karlar fara 17.-21. júní.
- Ícelandair hefur komið með tilboð í flugið og er Sævar gert að ganga frá bókun á þessum sætum.

- Kostnaður sem þátttakendur greiða er ekki klár en ákveðið var að sú greiðsla komi frá þeim í síðasta lagi 1. júní nk.

#### **Lokahóf**

- Halldór 10. apríl í Fagralundi. HK sér um veisluna, þ.m.t. tónlist, veislustjóra og veitingar.
- Verðlaunaafhending verður hefðbundin frá BLÍ.
- Heiða tók að sér að athuga með heiðursgest
- Valið í lið ársins verður að fara fram frá lok deildakeppni. Þar munu liðin fá atkvæðaseðla og svo mun nefnd sjá um að velja sem hefur 50% vægi á móti liðunum.

#### **Söfnun heimilda fyrir sögu BLÍ**

- Aðeins var rætt um þennan lið og komu nokkur nöfn upp. Halldór Jónsson, Gunnar Árnason, Tómas Tómasson og Albert H.N. Valdimarsson. Þarf að huga að því að taka upp viðtöl við þessa kapp.
- Einhver gögn eru geymd í geymslu hjá ÍBR og í geymslu sambandsins í kjallaranum.

#### **Erindi fengin & send og önnur mál.**

- FIVB sendi erindi er varðar Heimspingið sem fram fer í Róm í haust. Ákveðið að formaður BLÍ færi á þingið og þeim Sævari falið að senda gögn út fyrir dagsettan tíma 31. janúar.
- Fleiri erindi voru rædd en ekki bókuð sérstaklega.

Áætlað að næsti fundur verði í kringum 24.-25. febrúar nk.

*Fundi slitið kl. 18.45*

*Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð*